

1. fundur Betadeildar starfsárið 2020-2021 haldinn á Icelandair-hótelinu 19. sept. 2020

Þegar konur tóku að tínast í hús upp úr klukkan 11 var ljóst samkvæmt fréttum að covid veiran væri í auknum mæli að ná sér aftur á strik í samfélaginu. Það var því gripið skjótt til frekari sóttvarnaraðgerða meðal fundarkvenna án þess þó að láta þessar fréttir eyðileggja málsverðinn né fund okkar á nokkurn hátt.

Setning fundar

Hildur Hauksdóttir formaður setti fund og bauð Margréti Jónsdóttur að kveikja á kertum. Hildur fór síðan með ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur og flutti kveðjur frá fjarstöddum konum.

Fundargerð

Elín las fundargerð síðasta en það var aðalfundur Betadeildar frá 15. maí og var fundargerð samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur fór yfir drög að vetrardagskrá sem sett var upp miðað við að aðgerðir gegn covid trufli ekki vetrarstarfið og gert ráð fyrir átta fundum. Hildur sagði ekki búið að ganga frá enkunnarorðum en "hlúum að okkur hér og nú" væri vel við hæfi.
- Afmælisgjafir voru afhentar. Önnu Þóru Baldursdóttur var færð afmælisgjöf í tilefni sjötugsafmælis hennar. Einnig fékk Lilja Sæmundsdóttir sína afmælisgjöf en hún var fimmtug fyrir nokkru en ekki hafði gefist tækifæri til að afhenda gjöf til hennar fyrr en nú. Báðar fengu þær sannar gjafir UNICEF.
- María Steingrímsdóttir sagði frá þeirri niðurstöðu 5. októbernefndar að fella niður samkomu á þeim degi en senda þess í stað rafræna kveðju til kennara sem er í undirbúningi nefndarinnar þessa dagana.

Hádegssímaturnar voru á borð borinn og nutu konur veitinga og samræðna um stund og dregið var í happdrættinu. Það var Hanna Salómundsdóttir sem hlaut happdrættisvinninginn að þessu sinni.

Gestur fundarins

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kennari og rithöfundur sagði frá bók sinni Aldrei nema kona sem kom út nýlega. Hún sagði frá tildrögum að skrifum bókarinnar og áhuga sínum á ættfræði, sér í lagi formæðrum. Bókin hafi orðið til á löngum tíma og með miklu grúski en efni hennar er lífsbarátta mæðra á 18. og 19. öld.

Hildur þakkaði Sveinbjörgu fyrir áhugaverða umfjöllun og færði henni rós samtakanna með orðum um tákni hennar fyrir andagift og sköpunarkraft.

Fundarslit

Hildur bauð Margréti að slökkva á kertum, þakkaði konum samveru dagsins og sleit fundi kl. 13:05.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir